



# Geðsálfræði – SÁL3B05

Námsáætlun, haustönn 2024

**Kennari/kennarar:**

**Hermína Huld Hilmarsdóttir**

**Netfang/netföng:**

[hermina.hilmarsdottir@borgo.is](mailto:hermina.hilmarsdottir@borgo.is)

## Lýsing:

Áfanginn fjallar um geðheilsu og geðræn vandamál. Lögð er áhersla á að nemendur átti sig á samspili líkamlegra og andlegra þátta í tengslum við geðheilbrigði og þróun geðraskana. Nemendur kynnast leiðum til að verjast streitu og taka á afleiðingum hennar. Einnig er fjallað um ýmsar geðraskanir og helstu meðferðarúrræði við þeim. Nemendur afla sér upplýsinga um geðheilsugæslu og þá meðferð sem er í boði á Íslandi. Meginmarkmið áfangans er að nemendur öðlist skilning á geðheilsu, geðrækt og eðli geðraskana svo þeir skilji hvernig þeir geta tekið ábyrgð á eigin geðheilbrigði.

## Þekking, leikni, hæfni:

### Að nemandinn:

- kynnist sögu, fræðilegri -og hagnýtri hlið klínískrar sálfræði ásamt fræðimönnum
- læri um streitu og leiðir til að koma í veg fyrir eða minnka hana
- skilji samspil streitu (umhverfisþátta) og erfða í mótun geðraskana
- skilji hugtakið afbrigðilegt atferli og tengi saman sjónarmið sálfræðinnar og hugmyndir um orsakir afbrigðilegs atferlis
- kynnist flokkunarkerfum geðraskana
- kynnist ýmsum matstækjum (sálfræðilegum prófum) í klínískri sálfræði
- kynnist einni geðröskun sérstaklega vel í gegnum viðtal
- þekki helstu meðferðarform geðraskana og þá sérstaklega sálgreiningu, atferlismeðferð og hugræna atferlismeðferð
- tileinki sér viðeigandi heimildavinnu
- geti komið frá sér efni munnlega fyrir framan hóp nemenda

## Námsmat:

- Streituverkefni – 10%
- Sjónarmið sálfræðinnar og geðröskun – 10%
- Hlutapróf úr köflum 1, 2 og 3 –10%
- Kvikmyndaverkefni – 10%
- Greiningarverkefni – 20%
- Ritgerð eða viðtal – 20%
- Þátttaka og virkni – 20%

{Sundurliðað, tímasetningar í töflu á baksíðu}

## Námsgögn:

Samantekið efni um afbrigðasálfræði eftir Aron Tómas Haraldsson  
DSM-V - Flokkun geðraskana eftir Kristján Guðmundsson  
*Verkefnahefti – afhent hjá kennara*

**Aðrar mikilvægar upplýsingar:**

**Standa þarf skil á ÖLLUM námsmatsþáttum  
Ekki er tekið við verkefnum eftir að skilafrestur rennur út**

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	19.-23. ágúst		
2	26.-30. ágúst	Kynning á áfanga, hópefli Klínísk sálfræði og sagan	Lota 1
3	2.-6. sept.	Streita	
4	9.-13.sept.	Streita frh. – Streituverkefni – 10% - <b>skil 11. sept.</b>	Streituverkefni (10%)
5	16.-20.sept	Afbrigðilegt atferli/hegðun	
6	23.-27. sept.	Afbrigðilegt atferli – Sjónarmið sálfræðinnar og geðröskun 10% - <b>skil 25. sept.</b>	Sjónarmið sálfr. (10%)
7	30.sept.- 4. okt.	Upprifjun – Hlutapróf úr kafla 1, 2 og 3 – 10% - <b>2. okt.</b>	Hlutapróf (10%) Varða I
8	7.-11. okt.	Flokkun og mat	Lota 2
9	14.-18. okt.	Flokkun og mat frh.	
10	21.-23. okt.	Helstu flokkar geðraskana – Kvikmyndaverkefni – kynning – 10%- <b>skil 23. okt.</b>	Kvikmyndaverkefni kynning (10%) Hausthlé
11	29. okt.-1. nóv.	Helstu flokkar geðraskana	
12	4.-8. nóv.	Meðferð geðraskana	Varða II
13	11.-15. nóv.	Meðferð geðraskana – Greiningarhefti 20% - <b>skil 13. nóv.</b>	Greiningarhefti (20%)
14	18.-22. nóv.	Ritgerðarefnis-lestur / viðtalsvinna og lestur	
15	25.-29. nóv	Vinna við ritgerð/ viðtalsverkefni	Lota 3
16	2.-6. des.	skil á ritgerð/viðtalsverkefni 20% - <b>skil eigi síðar en 4. des.</b>	Ritgerð/viðtal (20%)
17	9.-12. des		Kennslu lýkur
		Einkunnaskil	Þáttaka og virkni 20%

*Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.*